

Sp.

299. Þingsályktun

um að heimila landsstjórninni að koma handbæru fje landssjóðs í gull.

(Samþykkt í sameinuðu þingi 31. júlí).

Alþingi ályktar, að heimila landsstjórninni að koma handbæru fje landssjóðs í gull, svo sem unt er, og nauðsyn krefur, vegna innkaupa matvæla eða annara birgða, er nauðsynleg kunna að verða, sökum yfirvofandi eða byrjaðrar Norðurálfustyrjaldar, og skal það gert á þann hátt, að landssjóður skifti á handbæru fje sínu og fje því, er bankarnir hjer eiga eða kunna að geta útvegað í útlöndum og koma því til geymslu í Englandsbanka.